



Stjórnarráð Íslands  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

**Sent í Samráðsgátt**

Reykjavík, 11. ágúst 2021

**Varðar: Grænbók um fjarskipti – stöðumat og valkostir**

**Inngangur:**

1. Míla ehf. („Míla“) vísar til draga að Grænbók um fjarskipti („Grænbókin“) sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda h. 7. júlí 2021.

Míla fagnar því að stjórnvöld setji fram stöðumat og valkosti í fjarskiptum sem undanfara stefnumótunar og frumvarpsgerðar á sviði fjarskipta.

Míla er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi Mílu í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Hlutverk Mílu er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi og felst sérhæfing Mílu meðal annars í ráðgjöf vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa og aðstöðuleigu í tækjarýmum og möstrum. Míla leggur mikla áherslu á stöðuga uppbyggingu fjarskiptakerfis sín, auk þess að setja á markað nýjar lausnir til að mæta þörfum markaðarins. Kerfi Mílu eru grunnur að fjölþættri fjarskiptaþjónustu um allt land.

Eins og fram kemur í Grænbókinni er staða Íslands með tilliti til uppbyggingar háhraðafjarskiptainnviða og fjarskiptaþjónustu einstaklega góð í alþjóðlegum samanburði.

**Athugasemdir Mílu við einstaka liði í Grænbókinni:**

## **2. 3.2.2. Háhraðanet**

Þótt greining bendi til að um þrettán þúsund staðföng á landinu séu ekki með ljósleiðara þá er ekki svo að þessi heimili hafi ekki vel nothæft internet. Langstærsti hluti þessara heimila eiga kost á 50Mbps internettenginum sem í flestum löndum Evrópu telst í raun mjög góður hraði. Fyrir venjulega heimilisnotkun duga þessar tengingar vel og engin þjónusta yfir internet er sjáanleg á allra næstu árum sem krefst meiri hraða.

Míla bendir á að fyrirtækið vinnur að áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfa á markaðslegum forsendum í smærri þéttbýlisstöðum. Ljóst er þó að slík uppbygging er kostnaðarsöm og mun taka einhver ár. Þannig er stærstur hluti þessa staðfanga sem ekki hafa þegar fengið ljósleiðara einbýlishús, ólíkt stærri þéttbýlisstöðum þar sem stór hluti staðfanga eru fjölbýlishús, því eru mun færri í smærri þéttbýlisstöðum sem greiða niður fjárfestingarkostnað við lagningu ljósleiðara. Eftir því sem Míla veit best eru fleiri markaðsaðilar svo sem Tengir hf., Snerpa ehf. og Gagnaveita Reykjavíkur ehf. að vinna að ljósleiðaravæðingu þéttbýlisstaða og því er verkefnið í fullum gangi en mun taka tíma.



Míla bendir einnig á að Ísland er í fremstu röð í heiminum hvað varðar útbreiðslu háhraðaneta og gefa verður markaðsaðilum svigrúm að ljúka þeirri uppbyggingu þar sem hún er hagkvæm. Hluti af því svigrúmi er að Fjarskiptastofa og stjórnvöld gæti þess að reglusetning og ákvarðanir hvetji markaðsaðila til fjárfestinga í stað þess að letja. Mikilvægt er að fyrirtæki sem fjárfesta til langs tíma í fjarskiptainnvíðum geti treyst því að fá fjárfestingar sínar til baka á líftíma þeirra. Þær leikreglur sem regluverkið skapar þarf að vera stöðugt og má ekki taka breytingum sem breyta forsendum fjárfestinga til áratuga.

### 3. 3.2.4 Ljósleiðarastofnnet.

Míla bendir á að þó að ljósleiðarahringurinn sé í grunninn allt að þrjátíu ára gamall þá hefur Míla endurnýjað hluta hans þar sem þess hefur verið þörf og tækifæri hefur gefist. Þá eru víða til nýjar leiðir sem hægt er að nýta í stað þeirra eldri þegar og ef þörf krefur. Míla hefur einnig framkvæmt mælingar á landshringnum sem sýna að engin hrörnun hefur orðið á eiginleikum hans. Líftími ljósleiðarastrengja er í raun óþekktur (ennþá) en Míla telur að engin ástæða sé að áætla sem svo að komið sé að þeim tíma að endurnýja þurfi núverandi stofnstrengi í stórum stíl. Í eðli sínu þarf ekki að hafa áhyggjur af burðagetu núverandi stofnstrengja þar sem burðargeta þeirra fer eftir virkum búnaði sem settur er á enda strengjanna. Slíkur búnaður verður sífellt öflugari. Míla vinnur að uppfærslum á búnaði á landshring þessi misserin sem duga mun fyrir alla bandvíddarþörf landsins í það minnsta næstu tíu árin. Að þeim tíma liðnum þarf ekki annað en að uppfæra virkan stofnnetsbúnað aftur til að anna áfram framtíðarþörf landsins. Á sama tíma áformar ríkið (gegnum Utanríkisráðuneytið) útboð á leigu á 1 eða 2 ljósleiðarapráðum á ljósleiðarahringnum. Gera verður ráð fyrir að það útboð eigi að gilda næstu 10 árin, svipað og það síðasta. Af því má ráða að ríkið sjálft telji að landshringurinn verði í góðu standi næstu tíu árin hið minnsta.

Virðingarfyllst,

f.h. Mílu ehf.,

Auður Inga Ingversdóttir

forstöðumaður lögfræðisþjónustu